

Sp. 637. Tillaga til þingsályktunar [227. mál]

um framtíðarstaðsetningu skóla og eflingu Akureyrar sem skólabæjar.

Flm.: Ingvar Gíslason, Karl Kristjánsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera áætlun um framtíðarstaðsetningu hinna ýmsu sérskóla og annarra menningarstofnana, sem ætla má að þjóðin þarfnist. — Skal m. a. að því miðað að efla Akureyri sem skólabæ og stefnt að því, að háskóli taki þar til starfa í náinni framtíð.

Greinargerð.

Undanfarin ár hefur frændþjóðum okkar á Norðurlöndum orðið tíðrætt um hinn öra vöxt og útpenslu höfuðborga sinna. Hefur sú þróun þó fram undir þetta verið látin afskiptalítill, að höfuðborgirnar söguðu til sín fólk, fjármagn og áhrifastofnanir, en nú sjá menn, að óðum stefnir í öngþveiti. Ofvöxtur höfuðborga er að verða alþjóðlegt vandamál, sem reynt er að spyrna gegn með ýmsu móti. M. a. eru uppi tillögur um það á Norðurlöndum, og raunar víðar, að dreifa þurfi ríkisstofnunum meira um löndin en verið hefur.

Nú s. l. vetur, til dæmis að taka, skilaði norsk þingkjörin nefnd álitum um þessi mál og mælir með því að flytja nær 20 ríkisstofnanir frá Ósló. Að visu hefur komið fram viss andstaða gegn flutningi þessara ríkisstofnana í Noregi, einkum frá viðkomandi starfsmönnum. Halda andstöðumenn því m. a. fram, að flutningur stofnananna hafi í för með sér þá annmarka, að örðugra verði að fá hæft starfsfólk utan Óslóarborgar, einkum ýmiss konar aukavinnufólk, og auk þess sé verið að slíta stofnanirnar úr eðlilegum tengslum við aðrar ríkisstofnanir. Ekki skal frekar rætt um þetta að sinni, en í sambandi við þá þingsályktunartillögu, sem hér er fram borin, þykir okkur rétt að geta þess, að hin norska þingnefnd telur næsta lítil vandkvæði á að flytja ýmsar menntastofnanir, og þá sérstaklega sérskóla, frá höfuðborginni og staðsetja þá í öðrum bæjum eða borgum Noregs. Helzta vandamálið gæti orðið það, að skortur yrði hæfra stundakennara, en nefndin telur bezt fyrir slíkt girt með því að koma upp sérstökum „skólamiðstöðvum“, þ. e. skólabæjum, þar sem fleiri skólar en einn yrðu starfandi og staðsettir.

Við flutningsmenn erum þeirrar skoðunar, að Íslendingum sé ekki síður en nágranna- og frændþjóðum nauðsyn að gefa gaum því viðtæka vandamáli, sem fylgir ofvexti einnar borgar. Er enda augljóst, að ef Ósló er orðin Noregi of stór

höfuðborg, þá er Reykjavík Íslendingum ofvaxin. Við teljum því brýna nauðsyn bera til þess, að m. a. verði farið að vinna að því af alvöru að dreifa um landið opinberum skrifstofum og stofnunum, fyrst og fremst í þjónustuskyni og til hagsbóta fyrir almenning og atvinnuvegi úti um land, en einnig til þess að létta á höfuðborginni sem slíkri, enda takmörk fyrir því, hversu mikill vöxtur henni er hollur Einkum ber að hafa þetta sjónarmið í huga, þegar um er að ræða nýjar ríkisstofnanir eða endurskipulagningu ríkisstofnana.

Um það ætti tæpast að geta orðið verulegur ágreiningur, að engin knýjandi nauðsyn sé á því, að sérskólar séu endilega staðsettir í höfuðborgum. Mun reynsla annarra þjóða sízt styðja slíkt fyrirkomulag, og Íslendingar hafa sjálfir nokkra reynslu í þessu efni, sem sannar, að skólastarf fer ekki síður vel úr hendi utan Reykjavíkur en innan. Á næstu árum og áratugum mun skólakerfi Íslendinga, ef að líkum lætur, fara stórvaxandi og spanna yfir víðara svið en verið hefur hingað til. Allar þjóðir, stórar og smáar, fátækar og auðugar, líta á það sem einn nauðsynlegasta þáttinn í framförum og atvinnuuppbyggingu að efla skólahlald í margs konar myndum. Þær þjóðir, sem enn eru aftur úr í efnahagslegu tilliti, eiga ekki við verra vandamál að etja en menntunarleysið, sem hamlar því, að þær geti fært sér í nyt þá möguleika, sem nútímaþekking og tækni býður fram. Meðal stórþjóðanna, t. d. Bandaríkjamanna, er menntunarleysið aðalorsök fátæktar og umkomuleysis stórra þjóðarbrotá, svo að bandarískir stjórnálamenn telja það einn svartasta blettinn á þjóðlífi sínu, sem nauðsynlegt sé að bæta úr með hröðum aðgerðum og miklu fjármagni. Sem betur fer eigum við Íslendingar ekki við nein slík vandamál að stríða sem hinar nýsjálfstæðu þjóðir í austri og suðri né einstök þjóðabrot í Ameríku. Miðað við aðrar þjóðir er almenn menntun á háu stigi á Íslandi og áreiðanlega sambærileg við það, sem gerist á Norðurlöndum, í Vestur-Evrópu og Englandi. En þessar þjóðir telja þó flest standa til bóta í skólamálu sínum. Það er ekki lengur markmið þeirra að binda sig við það eitt að gera alla læsa og skrifandi. Því marki er löngu náð, svo sem er hér á landi. Nú er það hins vegar keppikefli að veita sem flestum framhaldsmenntun og sérfræðimenntun á ýmsum sviðum. Þessar háþróuðu þjóðir í almennri menntun og verkkunnáttu (sem yfirleitt fer saman) telja einsýnt, að „bókvitið verði látið í askana“. Það kemur alltaf betur og betur í ljós, að atvinnuvegirinn hafa ört vaxandi þörf fyrir sérmenntað fólk. Skortur á slíkum starfsmönnum stendur ævinlega í vegi fyrir framförum í atvinnulegu tilliti og efnahagslegum vexti. Þessar staðreyndir verða Íslendingar einnig að gera sér ljósar, enda mun varla vera ágreiningur um það í sjálfu sér meðal þeirra, sem leiða hugann að þessum málum og þeirri framtíð, sem okkar ætti að biða.

Með tillögu þessari er lagt til, að ríkisstjórnin láti gera áætlun um framtíðarstaðsetningu hinna ýmsu sérskóla og fleiri menningarstofnana, sem ætla má að þjóðin þarfnist fyrr eða síðar, og í því sambandi verði miðað að því að efla Akureyri sem skólabæ og stefnt að því, að þar verði reistur háskóli í náinni framtíð. Eins og ljóst má vera, liggur sá höfuðtilgangur að baki þessari tillögu, að skólum og menntastofnunum verði dreift um landið framar því, sem nú er, og einkum þó að Akureyri og hennar grennd verði eflað sem skólasvæði. Er æskilegt, að sú stefna verði mörkuð í tæka tíð, enda munu fáir eða engir staðir hafa betri skilyrði til þess að verða skólamiðstöðvar en Akureyri. Menntaskólinn yrði að sjálfsögðu aðalvaxtarbroddur slíkrar þróunar, en skjótlega mætti efla þar aðra skóla og efna til nýrra, ef rétt er á haldið, m. a. ýmiss konar iðnskóla, tækniskóla, tónlistarskóla, verzlunarskóla, sjómannaskóla o. fl. Loks þarf að stefna að því, eins og tillagan fjallar um, að koma upp háskóla á Akureyri með meiri eða minni deildaskiptingu.

Því fyrr sem þjóðin og ráðamenn hennar gera sér grein fyrir framtíðarþróun og stefnu í þessum málum, því betra. Með það í huga er þessi tillaga fram borin.